

LÍFEYRISJÓÐURINN FRAMSÝN



ÁRSSKÝRSLA 2001
ANNUAL REPORT

EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	2
Lífeyrismál	3
Iðgjöld	5
Innheimta	6
Ársfundur 2001	7
Stjórn og starfsmenn	8
Starfsemi sjóðsins 2001	9
Tryggingafræðileg athugun	10
Séreignarsjóður Framsýnar	11
Verðbréfaeign	12
Fjárfestingar 2001	12
Innlendur skuldabréfamarkaður	13
Innlendur hlutabréfamarkaður	13
Innlendur gjaldeyrismarkaður	14
Erlendur hlutabréfamarkaður	15
Fjárfestingarstefna	15

Ársreikningur:

Áritun endurskoðenda	19
Skýrsla stjórnar	20
Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	21
Yfirlit um breytingu á hreinni eign	
til greiðslu lífeyris árið 2001	22
Efnahagsreikningur 31. desember 2001	23
Deildarskipt yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2001	24
Deildarskiptur efnahagsreikningur 31. desember 2001	25
Deildarskipt yfirlit um sjóðstreymi ársins 2001	26
Skýringar	27

Annual Report:

Auditor's Report	41
Board of Directors' Report	42
Board of Directors' and Manager's Report	43
Statement of Changes in Net Assests for Benefits 2001	44
Balance Sheet December 31, 2001	45
Net Assets Available for Benefits 2001	
Divided by Retirement Benefit Plan	46
Balance Sheet 31 December 2001	
Divided by Pension Plan	47
Statement of Cash Flows 2001	
Divided by Pension Plan	48



ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Menn hafa lengi tryggt sig fyrir áföllum af ýmsum toga og séð hagsmuni í því að greiða iðgjöld í sjóð sem þeir einir fá greitt úr er verða fyrir tjóni. Lífeyrissjóðirnir eru trygging af þessum toga en áhættan sem menn tryggja sig gegn er á hinn bóginn ánægjulegri en algengast er á þessu sviði; það er langlífi.

Að eiga örugga afkomu að lokinni starfsæfi er hverjum manni mikilvægt. Lífeyrissjóðirnir á borð við Framsýn sameina bæði hagkvæmni og öryggi í því að tryggja þessa mikilvægu hagsmuni sjóðfélaganna. En það eru ekki síður miklir samfélagslegir hagsmunir að aldrað fólk búi við fjárhagslegt öryggi sem byggt er á áratuga sparnaði, ávöxtun hans og heppilegri dreifingu áhættu.

Lífeyrissjóðurinn Framsýn hefur nú starfað í 6 ár og staða hans er traust, réttindagrunnur öruggur og þrátt fyrir erfitt ár í ávöxtun sjóðsins á liðnu ári voru eignir umfram skuldbindingar sem svara 2,3% af heildarskuldbindingum. Virkir sjóðfélagar voru 16. 961 og fjölgaði um 4% á árinu. Alls eiga 133.131 manns bein réttindi í sjóðnum og í raun mun fleiri þegar tekið er tillit til maka og barna sjóðfélaga sem njóta trygginga sjóðsins. Lífeyrissjóðurinn Framsýn er 3. stærsti lífeyrissjóður landsmanna og því að vonum að margir eigi mikið undir því að vel takist til um rekstur, ávöxtun og dreifingu áhættu.

Fjárfestingarstefnu sjóðsins er ætlað að þræða það gullna jafnvægi að ná sem bestri ávöxtun á fjárfunum sjóðsins með sem minnstri áhættu. Það er forsenda þess að lífeyrisréttindin verði trygg og fái helst aukist umfram þau lágmarksfyrirheit um lífeyrisgreiðslur sem samþykktir sjóðsins miða við. Greining á áhættu sem sjóðurinn býr við á hverjum tíma hefur fengið aukið vægi í daglegu starfi og stefnumótun stjórnar. Hvað daglega starfsemi varðar hafa starfsreglur, verkferlar og eftirlit verið aukið með það að markmiði að takmarka

áhættu af hvers kyns mistökum. Stjórnin hefur m.a. endurskoðað fyrirkomulag á innra eftirliti sjóðsins í þessu skyni.

Sjóðurinn dreifir áhættu eins og lýst er í fjárfestingarstefnu með því að fjárfesta í mörgum miskmunandi tegundum verðbréfa, skuldabréfa og hlutabréfa. Þá er það mjög mikilvægur þáttur áhættudreifingar sjóðsins að auka hlutfall erlendra eigna og er það nú um 20% af heildareignum. Þetta hlutfall þarf að vaxa á næstu árum til að mæta þeirri áhættu sem felst í tiltölulega einhæfu atvinnulífi hér á landi. Sjóðirnir eru enn í uppbyggingu og til marks um það eru um 30 ár fram til þess að þeir fyrstu hverfa af vinnumarkaði sem tryggt hafa sér fyllsta lífeyri með greiðslu iðgjalds af öllum launum alla sína starfsæfi. Fram til þess tíma munu sjóðirnir stækka en þegar þessu tímabili lýkur er afar mikilvægt fyrir íslenskt efnahagslíf að umtalsverður hluti af kostnaði við lífeyrisgreiðslur komi utan frá sem tekjur af erlendri verðbréfaeign lífeyrissjóðanna. Það styrkir stoðir efnahagskerfisins til langframa, stuðlar að stöðugleika og eykur öryggi lífeyrstrygginganna.

Aukið vægi erlendra eigna kallar á viðbúnað til að takmarka áhættu vegna gengissveiflna, bæði íslenskrar krónu sem og annarra mynta innbyrðis. Sjóðurinn vinnur einnig að bættri áhættustýringu á þessu sviði. Þannig eru það fjölmörg ný sjónarmið sem taka þarf mið af í rekstri lífeyrissjóðsins til þess að hann fái á hverjum tíma staðið undir væntingum sjóðfélaga um öruggar lífeyrstryggingar og að iðgjöldin skili sér í sem ríkulegustum lífeyri við starfslok.

Ég vil þakka samstjórnarmönnum, starfsmönnum sjóðsins, sjóðfélögum og atvinnrekendum sem til hans greiða ánægjuleg samskipti á starfsárinu.

Pórarinn V. Þórarinnsson



LÍFEYRISMÁL

Á árinu 2001 námu lífeyrisgreiðslur sjóðsins samtals 1.763,2 milljónum króna. Lífeyrisbyrði sem hlutfall af iðgjöldum var 60,6%. Þetta hlutfall var 63,2% á árinu 2000, 61,9% á árinu 1999 og 61,8% á árinu 1998.

Fram til ársins 1997 fór lífeyrisbyrði stighækkandi þar sem sífellt stærri árgangar með meiri réttindi hófu töku lífeyris. Lækkun hefur aftur á móti orðið á lífeyrisbyrði sjóðsins á síðustu árum, fyrst veruleg á milli árunna 1996-1997 og aftur á milli árunna 1997-1998. Hlutfallsleg hækkun varð á milli árunna 1999 og 2000 sem á sér skýringu í þeirri 7% hækkun réttinda sem varð 1. júlí 2000.

Lífeyrisgreiðslur sem hlutfall af iðgjöldum frá stofnun sjóðsins

Ár	Iðgjöld í þús.	Lífeyrisgreiðslur	Hlutfall
1996	1.428,2	1.019,5	71,7%
1997	1.691,8	1.113,8	65,8%
1998	1.935,4	1.195,7	61,8%
1999	2.097,1	1.299,4	61,9%
2000	2.351,1	1.486,2	63,2%
2001	2.908,5	1.763,2	60,6%

Fjöldi lífeyrisþega

Fjöldi lífeyrisþega á árinu 2001 var 9.385 og þar af fengu 753 lífeyrisþegar greidda fleira en eina tegund lífeyris. Skipting milli einstakra lífeyristegunda var sem hér segir:

Lífeyristegund	Fjöldi árið 2001	Fjöldi árið 2000	Breyting í %
Ellilífeyrir	5.774	5.526	+ 4,5%
Örorkulífeyrir	1.997	1.833	+ 8,9%
Makalífeyrir	1.108	1.071	+ 3,4%
Barnalífeyrir	506	434	+ 16,6%
Samtals	9.385	8.864	+ 5,9%

Lífeyrisgreiðslur

Lífeyristegund	Upphæð 2001	% af heild	Upphæð 2000	% af heild
Ellilífeyrir	1.077.197.248.-	61,4%	908.688.303.-	61,5%
Örorkulífeyrir	523.343.962.-	29,9%	436.118.220.-	29,5%
Makalífeyrir	120.288.875.-	6,9%	106.913.319.-	7,3%
Barnalífeyrir	31.916.741.-	1,8%	25.765.433.-	1,7%
Samtals	1.752.746.826.-	100,0%	1.477.485.275.-	100,0%



Örorkulífeyrismál


Örorkulífeyrir er stór liður í lífeyrissgreiðslum sjóðsins. Þannig er, að allir hinir almennu lífeyrissjóðir sem að stærstum hluta eru byggðir upp af ófaglærðu verkafólki eru með þunga byrði af örorkulífeyri. Það hefur orðið hlutskipti þessara sjóða að hafa í sínum sjóðfélagahópi marga þá einstaklinga sem ekki ganga alveg heilir til skógar og koma þar af leiðandi almennt mun fyrr inn sem örorkulífeyrisþegar en aðrir.

Margir af þessum lífeyrissjóðum eru greiðandi á milli 30%-50% af heildarlífeyrissgreiðslum sínum í örorkulífeyri. Hjá Lífeyrissjóðnum Framsýn hefur þetta hlutfall verið á bilinu 28%-33% frá stofnun sjóðsins.

Þróun örorkulífeyris sem hlutfall af iðgjöldum s.l. 9 ár, er sýnd á meðfylgjandi töflu. (Árin 1993-1995 eru tölur úr ársreikningum eldri sjóða),

Ár	Heildariðgjöld	Örorkulífeyrir	Hlutfall	Fjöldi
1993	1.336.004.000.-	239.144.716.-	17,9%	
1994	1.403.336.000.-	262.115.352.-	18,7%	
1995	1.364.332.000.-	293.964.274.-	21,5%	
1996	1.424.031.000.-	334.874.241.-	23,5%	1.601
1997	1.691.843.000.-	346.896.793.-	20,5%	1.656
1998	1.935.451.000.-	361.844.029.-	18,7%	1.681
1999	2.097.114.000.-	383.506.644.-	18,2%	1.763
2000	2.351.226.000.-	436.118.220.-	18,5%	1.833
2001	2.908.490.000.-	523.343.962.-	18,0%	1.997

Skipting örorkulífeyrisþega á árinu 2001 eftir stærstu - sjúkdómsflokkum




IÐGJÖLD


Sjóðfélagar 16 - 70 ára greiða 4% af öllum launum sínum til sjóðsins og atvinnurekendur 6%. Iðgjald sjóðfélaga er umreiknað til stiga og lífeyririnn háður þeim útreikningi. Þannig verða lífeyrisgreiðslur mismunandi eftir því hve hátt iðgjald hefur verið greitt. Eftir því sem iðgjaldið er hærra verða lífeyrisgreiðslurnar hærri. Þegar sjóðfélagi nær 70 ára aldri hættir hann að greiða iðgjald til sjóðsins, enda aflar hann sér ekki lífeyrisréttinda eftir þann tíma.

Iðgjald sjóðfélaga fyrir hvert ár er umreiknað í stig. Ákveðin laun eru notuð til útreiknings á stigum og heita þau grundvallarlaun. Grundvallarlaunin eru ákveðin af stjórn sjóðsins og taka breytingum vísitölu neysluverðs. Grundvallarlaun fyrir árið 2001 eru kr. 710.450.-


Fjöldi sjóðfélaga




Greiðendur á árinu 2001



Stig sjóðfélaga



Stig greiðenda á árinu 2001





INNHEIMTA

Innheimta lána

Öll skuldabréf í eigu sjóðsins eru í bönkum til innheimtu. Samið hefur verið við viðkomandi banka um innheimtukostnað og er þar um verulega lækkun að ræða m.v. gjaldskrá þeirra. Dagvextir reiknast á vanskil frá gjalddaga til greiðsludags og eru skuldabréf sjóðsins send til lögfræðilegrar innheimtu ef vanskil verða 90 dagar. Á þessu tímabili er send út vanskilatilkynning og síðan lokaaðvörðun þar sem gefinn er 10 daga frestur og tekið fram að verði hann ekki virtur þá sé skuldabréfið gjaldfallið.

Innheimta iðgjalda

Standi launagreiðandi ekki skil á iðgjöldum á réttum tíma eru ítrekunarbréf send í samræmi við 9. grein í samþykktum sjóðsins.

Í lögum um Ábyrgðarsjóð launa sem sett voru á árinu 1992 er skilyrðum þeim lýst sem lífeyrissjóður þarf að uppfylla til að vangoldin iðgjöld gjaldþrota njóti ábyrgðar sjóðsins. Ábyrgðarsjóðurinn tryggir greiðslu á iðgjöldum til lífeyrissjóða allt að 18 mánuðum fyrir gjaldþrotaúrskurð.

Í 9. grein samþykktu Lífeyrissjóðsins Framsýnar eru ákvæði þessi tekin upp og sjóðnum gert að uppfylla þau. Yfirlit yfir móttekin iðgjöld eru send sjóðfélögum tvisvar á ári, í mars og í september, og þurfa sjóðfélagar að gera athugasemdir við yfirlitið, staðfestar með launaseðlum, innan 60 daga frá útsendingardegi þess ef vanhöld sýnast á iðgjaldaskilum.

Ef ekki berst yfirlit frá sjóðnum getur það verið merki um að ekki sé staðið í skilum við sjóðinn. Réttindi geta því glatast ef sjóðnum er ekki gert aðvart um ætluð vanskil og er rík ábyrgð lögð á sjóðfélagann þessu samfara.

Starfsmenn sjóðsins fylgjast með iðgjaldaskilum, en enginn gerir það betur en sjóðfélaginn sjálfur.

Innheimtuyfirlit

Á árunum 2000 og 2001 hefur orðið mikil aukning á vanskilum hjá sjóðnum. Bæði hafa komið upp mikil vanskil á iðgjöldum og einnig hafa stór veðskuldabréf farið í vanskil. Fjöldi mála hafa farið til lögmanna til innheimtu og eru nú um síðustu áramót bæði fleiri innheimtumál og hærri fjárhæðir í innheimtu en áður var. Hér að neðan er sýnd staða þessara mála s.l. þrjú ár. Fækkun skuldabréfa í eigu sjóðsins á sér skýringu í rafrænni skráningu húsbrefa.

Lán	1.1.2002	1.1.2001	1.1.2000
Fjöldi skuldabréfa í eigu sjóðsins	12.936	14.512	14.983
Gjaldf. Afb., vextir og verðbætur	163.146	129.591	110.898
Fjöldi lána í innheimtu hjá lögmönnum	199	141	124
Upphæð vanskila í innheimtu með gjaldfellingu	548.332	307.221	193.189
Iðgjöld	1.1.2002	1.1.2001	1.1.2000
Fjöldi iðgjaldagreiðenda í vanskilum	236	171	131
Fjöldi innheimtumála hjá lögmönnum	494	250	165
Iðgjöld í innheimtu hjá lögmönnum í ársbyrjun með áföllnum dráttarvöxtum	248.387	149.915	79.211
Ætluð óinnheimt iðgjöld sjóðsins í ársbyrjun	340.000	270.000	220.000

allar fjárhæðir í þús kr.





ÁRSFUNDUR 2001

Ársfundur Lífeyrissjóðsins Framsýnar var haldinn á Grand Hótel Reykjavík þriðjudaginn 24. apríl 2001 kl. 17:00.

Helstu mál og samþykktir ársfundarins:

Inngangur

Halldór Björnsson stjórnarformaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Þórarinn V. Þórarinsson var kosinn fundarstjóri og Örn Arnþórsson fundarritari.

Skýrsla stjórnar

Halldór Björnsson flutti skýrslu stjórnar. Í skýrslunni var farið yfir helstu þætti úr rekstri sjóðsins á árinu 2000 sem var fimmta starfsár sjóðsins.

Ávöxtun á fjármunum sjóðsins var neikvæð um 0,61% á árinu 2000. Séu síðastliðin 5 ár skoðuð saman þá kemur í ljós að meðaltal hreinnar ávöxtunar er 7,55%. Þess vegna er mikilvægt að líta til langs tíma þegar ávöxtun er skoðuð en binda sig ekki við einstök ár sem geta gefið mjög falska mynd af heildarþróun ávöxtunar á löngum tíma.

Helstu niðurstöður tryggingafræðilegrar athugunar miðað við 3,5% raunávöxtun eigna sjóðsins eru þær að sjóðurinn eigi 3.824 milljónir króna eða 8,0% umfram áunnar skuldbindingar í árslok 2000 en 1.664 milljónir króna eða 2,0% umfram heildar-skuldbindingar.

Lokaorð í skýrslu stjórnar voru eftirfarandi: Allt frá stofnun lífeyrissjóðanna um 1970 hefur verið mikil umræða um sjóðina og hlutverk þeirra. Oft á tíðum ríkti mikill ágreiningur um stefnu og starfsemi sjóðanna. Á tímabili var sú skoðun almenn í þjóðfé-

laginu að fé sem lagt væri í lífeyrissjóðina væri svo gott sem glatað. Þær raddir hafa nú þagnað og allir eru sammála um nauðsyn sjóðanna og samtryggingarhlutverk þeirra. Þrátt fyrir að ýmislegt megi betur fara í starfsemi sjóðanna eru þau meginmarkmið smám saman að nást að tryggja sjóðfélögum og öðrum sem réttindi öðlast í sjóðunum betri og meiri rétt.

Kynning ársreiknings

Bjarni Brynjólfsson framkvæmdastjóri gerði grein fyrir reikningum sjóðsins fyrir árið 2000. Alls greiddu 30.628 sjóðfélagar hjá 2376 atvinnurekendum iðgjöld til sjóðsins á árinu. Í árslok voru 128.269 einstaklingar með inneign í sjóðnum. Virkir sjóðfélagar voru 16.303. Innborguð iðgjöld á árinu voru kr. 2.351 milljónir, og greiddur lífeyrir 1.486 milljónir. Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 48.084 milljónum króna í árslok 2000.

Tryggingafræðileg úttekt

Bjarni Þórðarson tryggingastærðfræðingur gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt á sjóðnum per 31.12.2000.

Skuldbindingar m.v. núgildandi samþykktir sjóðsins að teknu tilliti til framtíðarskuldbindinga eru kr. 85.062 milljónir en eignir með núvirðingu og verðmæti framtíðariðgjalda kr. 86.726 milljónir. Eignir umfram skuldir eru því taldar 1.664 milljónir eða 2,0% af skuldbindingum.





Mynd tekin eftir stjórnarfund 21. febrúar 2002.
Talið frá vinstri: Guðmundur Þ Jónsson, Ragnar Árnason, Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Halldór Björnsson, Þórarinn V. Þórarinnsson formaður, Gunnar Björnsson, Bjarni Lúðvíksson og Helgi Magnússon.

STJÓRN OG STARFSMENN

Stjórn sjóðsins er skipuð átta mönnum. Fjórir eru kosnir af launþegum og fjórir af vinnuveitendum. Átta varamenn eru kosnir á sama hátt og til jafnlangs tíma og aðalmenn. Kosning fulltrúa launþega fer fram á ársfundi sjóðsins, en framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins kýs fulltrúa vinnuveitenda.

Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamanna þeirra.

Stjórn sjóðsins sem að hluta var kosin á ársfundi 26. apríl 2000 og að hluta á ársfundi 24. apríl 2001, skipa eftirtaldir menn:

Þórarinn V. Þórarinnsson, formaður	
Halldór Björnsson, varaformaður	
Bjarni Lúðvíksson	Guðmundur Þ Jónsson
Gunnar Björnsson	Helgi Magnússon
Ragnar Árnason	Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Á árinu 2001 voru haldnir alls 14 stjórnarfundir. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins samkvæmt ákvæðum samþykktu hans, sem samþykktar hafa verið á ársfundi sjóðsins og hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins. Meðal þess efnis sem stjórnin fjallar um á fundum

sínum er stefnumörkun, breytingar á samþykktum, lána-reglur og útlán sjóðsins, skuldabréfa- og hlutabréfakaup, erlendar fjárfestingar og kynningarmál sjóðsins.

SKRIFSTOFA OG STARFSMENN

Skrifstofa Lífeyrissjóðsins Framsýnar er að Sætúni 1, sími 515-4700, fax 515-4701. Afgreiðslutími er frá kl. 9-17. Yfir sumarmánuðina maí - september er afgreiðslutími kl. 9-16. Hjá sjóðnum starfa nú 14 starfsmenn í fullu starfi.



Starfsmenn sjóðsins eru eftirtaldir:

Talið frá vinstri:

Örn Arnþórsson
Ingileif Kristinsdóttir
Guðrún K. Sigurðardóttir
Bjarney Sigurðardóttir
Bylgja Dís Erlingsdóttir
Anna Lis Hjaltadóttir
Kristín Pétursdóttir
Áslaug Jónsdóttir
Halldór Kristinsson
Auður Eggertsdóttir
Hjördís Karlsdóttir
Jónína Benediktsdóttir
Sigurborg Reynisdóttir
Bjarni Brynjólfsson

Starfssvið:

skrifstofustjóri
bókhald
gjaldk./lánamál
Séreignarsjóður Framsýnar
innheimta iðgjalda
innheimta iðgjalda
skráning iðgjalda
skráning iðgjalda
fjármál, sérverkefni
lífeyrismál
afgreiðsla, móttaka
lánamál
skráning iðgjalda
framkvæmdastjóri



STARFSEMI SJÓÐSINS Á ÁRINU 2001

ÝMIS ATRIÐI ÚR REKSTRI SJÓÐSINS

Útgáfa fréttabréfs

Í mars 1997 hóf Lífeyrissjóðurinn Framsýn útgáfu fréttabréfs. Með fréttabréfinu er ætlunin að koma áleiðis til sjóðfélaganna því helsta sem er að gerast í starfsemi sjóðsins og í lífeyrismálum almennt. Fréttabréfið er gefið út tvisvar á ári í mars og í september og er sent öllum greiðandi sjóðfélögum og fylgir yfirlitum yfir iðgjaldagreiðslur. Einnig er fréttabréfinu dreift til fyrirtækja sem greiða til sjóðsins, aðildarfélaganna, fjölmiðla, þingmanna og einnig til annarra lífeyrissjóða.

Í fréttabréfum þeim sem gefin voru út á árinu 2001 var fjallað um helstu þætti í starfsemi sjóðsins. Í mars fréttabréfinu var gerð grein fyrir rekstri sjóðsins á árinu 2000 ásamt örorkulífeyris og endurhæfingarmálum og í septemberblaðinu var fjallað um afkomu sjóðsins á fyrrihluta ársins 2001 og ýmsa fleiri þætti.

Janus Endurhæfing ehf.

Í júní 2001 var gerður þjónustusamningur á milli Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Janusar Endurhæfingar ehf. um atvinnuendurhæfingu. Markmiðið með þessum samningi og því sem Janus Endurhæfing býður uppá er að aðstoða einstaklinga og í þessum tilfellum örorkulífeyrisþega hjá sjóðnum til að komast aftur út í atvinnulífið.

Janus Endurhæfing ehf. er félag sem stofnað var fyrir tæpum tveimur árum til að sinna atvinnuendurhæfingu. Fyrirtækið hefur notið stuðnings heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins við sín störf og einnig Sameinaða Lífeyrissjóðsins sem stóð að stofnun þess. Nú hafa fleiri Lífeyrissjóðir komið að starfsemi Janusar og gert við það þjónustusamninga.

Hjá Janusi starfa iðjubjálfar, félagsráðgjafi, sjúkrabjálfari og læknir. Einnig koma að endurhæfingunni sálfræðingur og aðrir sérfræðingar eftir þörfum. Stór hluti þessarar endurhæfingar felst í kennslu og er Janus í samstarfi við lónskólann í Reykjavík þar að lútandi. Öll endurhæfing er einstaklingsbundin og miðar að því að hjálpa hverjum og einum til að ná tilætluðum árangri. Endurhæfingartími getur orðið allt að 11 mánuðum og skiptist í tvær annir.

Lífeyrissjóðurinn Framsýn hefur gert samning fyrir þrjá einstaklinga sem eru örorkulífeyrisþegar hjá sjóðnum og er öll þessi endurhæfing þeim að kostnaðarlausu og skerðir á engan hátt lífeyrsgreiðslur þeirra.

Strengur hf. / Reiknistofa lífeyrissjóða

Í janúar 2001 keyptu nokkrir lífeyrissjóðir og þar á meðal Lífeyrissjóðurinn Framsýn hugbúnaðarfyrirtækið Strengur hf. Fyrirtækið var stofnað á árinu 1982 og hefur sérhæft sig í hönnun hugbúnaðarlausna á sviði fjármála, þjónustu og verslunar. Þar hefur einnig verið hannaður öflugur hugbúnaður sem tvinnar saman hefðbundin viðskiptakerfi við nýja kynslóð samskiptaleiða s.s. vefinn.

Á hluthafafundum í Strengur hf. og Reiknistofu lífeyrissjóða ehf. 15. nóvember 2001 var samþykkt að sameina þessi tvö félög undir nafni Strengs hf. Lífeyrissjóðurinn Framsýn var stærsti eignaraðilinn í Reiknistofu lífeyrissjóða ehf. með 22,5% eignaraðild og er um síðustu áramót stærsti hluthafinn í Strengur hf. með 16,82% eignaraðild.

Strengur hf. þjónar því í dag fjölda lífeyrissjóða á hinum ýmsu sviðum hugbúnaðar- og tölvulausna.



Jöklar – verðbréf hf.

Starfsemi Jökla-Verðbréfa hf. á árinu 2001 gekk vel. Fram í miðjan október var eingöngu um miðlun á verðbréfum fyrir eigendur að ræða. Eftir það bættist við eignastýring, en við það jókst umfang starfseminnar til muna. Á árinu störfuðu að meðaltali 2 starfsmenn hjá félaginu.

Í árslok 2001 er hlutfélagins 75 millj. kr. Hluthafar eru tveir og eiga þeir hvor um sig 50% í félaginu. Hluthafarnir eru Lífeyrissjóður Vestmannaeyja og Lífeyrissjóðurinn Framsýn, en þeir keyptu Lífeyrissjóð Norðurlands út úr félaginu á árinu.

Á hluthafafundi þann 30. ágúst 2000 var ákveðið að sækja um útvíkkun á starfsleyfi félagsins úr því að vera verðbréfmíðlun í að verða verðbréfafyrirtæki. Þann 9. apríl 2001 fékkst þetta leyfi og er félagið í dag starfandi sem löggilt verðbréfafyrirtæki.

Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er út samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti, var 347,8%. Hlutfall þetta má lægst vera 8% og er því ljóst að félagið er eignalega mjög sterkt.

Markmiðin með stofnun fyrirtækisins voru að það yrði sýnilegt á markaðinum m.a. með því að vera með kaup- og sölutilboð í markaðshæfustu verðbréfaflokkanna, næði að nýta verðbil sem myndast á markaðinum og stuðla þannig að betri verðmyndun. Einnig að lækka kostnað vegna verðbréfavíðskipta hjá eigendum fyrirtækisins.



TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN

Í febrúar 2002 framkvæmdi Bjarni Þórðarson tryggingastærðfræðingur tryggingafræðilega athugun á fjárhagsstöðu sjóðsins miðað við árslok 2001. Helstu niðurstöður úttektarinnar miðað við 3,5% raunavöxtun eigna sjóðsins eru þær að sjóðurinn eigi 6.714 milljónir króna eða 13,1% umfram áunnar skuldbindingar í árslok 2001 en 2.353 milljónir eða 2,3% umfram heildarskuldbindingar.



SÉREIGNARSJÓÐUR FRAMSÝNAR

Árið 2001 var þriðja starfsár Séreignarsjóðs Framsýnar og fjölgaði sjóðfélögum á árinu úr ríflega 500 í um 900 manns.

Í kjölfar breytinganna vorið 2000 þegar iðgjaldið var hækkað úr 2% í 4% og móttframlag atvinnurekenda kom til sögunnar, jókst viðbótarlífeyrissparnaður þjóðarinnar mikið.

Þrátt fyrir mikla aukningu eftir þessar breytingar, eru einungis 40% launþega á vinnumarkaði að spara í formi viðbótarlífeyrissparnaðar, samkvæmt könnun Frjálsrar verzlunar sem gerð var í janúar 2002. Þar kemur fram að langflestir þeirra sem leggja fyrir í viðbótarlífeyrissparnað eru á aldrinum 35 til 55 ára.

Þessar upplýsingar koma heim og saman við aldersdreifinguna í Séreignarsjóði Framsýnar þar sem fólk á aldrinum 35 til 60 er mun meðvitaðra um mikilvægi sparnaðar en t.d. þeir sem yngri eru en 30 ára. Flestir sjóðfélagar sem gengu til liðs við sjóðinn á árinu 2001 óskuðu eftir að greiða 4% iðgjald og margir þeirra sem byrjuðu í upphafi hafa nú hækkað sig úr 2% í 4%. Yfirlit voru send til sjóðfélaga í byrjun árs og einnig um mitt ár þar sem fram komu sundurliðuð framlög sjóðfélaga og launagreiðenda. Þannig

geta sjóðfélagar fylgst með þróun eignar sinnar og yfirfarið greiðslur frá launagreiðanda. Komi til vanskila frá launagreiðanda er lögmönnum lífeyrissjóðsins falið að innheimta séreignarsparnaðinn.

Árið 2001 einkenndist af miklum sveiflum á verðbréfamörkuðum og var ávöxtun lífeyrissjóða almennt mun lakari en undanfarin ár. Þrátt fyrir það var meðaltalsraunávöxtun deilda Séreignarsjóðs Framsýnar jákvæð.



Meðalraunávöxtun verðbréfasafns Framtíðarsýnar 1 var 3,3% á árinu 2001.

Meðalraunávöxtun verðbréfasafns Framtíðarsýnar 2 var 6,8% á árinu 2001.

Eignir séreignarsjóðsins uxu um 54 milljónir króna á árinu sem er 132% aukning frá fyrra ári. Eignir séreignarsjóðsins skiptust eftirfarandi 01. jan. 2002:

Framtíðarsýn 1: skuldabréf 68,3%, innlend hlutabréf 20,8% og erlend hlutabréf 10,9%.

Framtíðarsýn 2: skuldabréf 77,9%, innlend hlutabréf 19,3% og erlend hlutabréf 2,8%.




VERÐBRÉFAEIGN

Skipting verðbréfaeignar sjóðsins í milljónum króna í árslok 2001 má sjá í eftirfarandi töflu og kökuriti hér á síðunni:

	2001	%	2000	%
Veðskuldabréf sjóðfélaga	3.065,6	6,0	2.292,7	4,8
Skuldabréf með ríkisábyrgð	16.045,3	31,1	14.558,2	30,6
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	2.621,7	5,1	2.708,3	5,7
Skuldabréf banka- og fjármálafyrirtækja	3.849,9	7,5	3.225,4	6,8
Fyrirtæki og önnur skuldabréf	2.050,8	4,0	1.408,2	3,0
Veðskuldabréf	6.095,8	11,8	5.188,6	10,9
Skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum	214,0	0,4	172,6	0,4
Hlutdeildarskírteini	2.269,8	4,4	2.503,1	5,3
Innlend hlutabréf	7.170,8	13,9	6.611,9	13,9
Erlend hlutabréf	7.975,5	15,5	8.619,2	18,1
Önnur útlán	175,7	0,3	221,3	0,5
Samtals	51.534,9	100,0	47.509,5	100,0

Verðbréfaeign 31.12.2001




FJÁRFESTINGAR 2001

Sundurliðun fjárfestinga sjóðsins á liðnu ári má sjá í eftirfarandi töflu og kökuriti hér á síðunni:

	2001	%	2000	%
Veðskuldabréf sjóðfélaga	857,5	9,9	726,0	7,1
Skuldabréf með ríkisábyrgð	2.510,2	28,9	963,8	9,4
Skuldabréf sveitarfélaga	0,0	0,0	32,4	0,3
Skuldabréf banka og fjármálafyrirtækja	481,6	5,5	362,2	3,6
Fyrirtæki og önnur skuldabréf	591,5	6,8	81,4	0,8
Veðskuldabréf	722,5	8,3	1.003,5	9,8
Hlutdeildarskírteini	340,9	4,0	899,8	8,8
Hlutabréf í innlendum hlutafélögum	1.786,2	16,0	3.906,3	37,7
Hlutabréf í erlendum hlutafélögum	1.387,2	20,6	2.310,8	22,5
Samtals	8.677,6	100,0	10.286,2	100,0

Fjárfestingar 2001





INNLENDUR SKULDABRÉFA- MARKAÐUR

Ávöxtunarkrafa húsbrefta stóð nánast í stað á árinu en krafan sveiflaðist 25-30 bp innan ársins. Eftirspurn eftir skuldabréfum jókst á árinu og má rekja þá aukningu til slakrar ávöxtunar á hlutabréfamarkaði hér heima og erlendis en einnig til samdráttar í efnahagslífinu. Fyrri hluta ársins lækkaði krafan en síðari hluta ársins hækkaði hún. Ýmsar ástæður liggja þar að baki en ein þeirra er að útgáfa húsbrefta hélt áfram að aukast þrátt fyrir samdrátt í efnahagslífinu. Ákveðið var að hækka hámarksfjárhæðir til húsbrefalána um sumarið og hefur það eflaust haft sín áhrif. Sjóðfélagalán lífeyrissjóða hafa einnig verið að aukast og má því segja að samdráttur efnahagslífsins virtist ekki ná til fasteignaviðskipta.

Ávöxtunarkrafa húsbrefta 2001




INNLENDUR HLUTABRÉFA- MARKAÐUR

Hlutabréfamarkaðurinn hér heima hélt áfram að lækka á árinu. Veiking krónunnar varð til þess að 6 mánaða uppgjör fyrirtækjanna litu illa út en fjármagnsliðir hækkuðu mikið vegna erlendra lána þeirra.

Markaðurinn varð þó fyrir fleiri skakkaföllum og má þar nefna útboð Íslandssíma en þeir buðu hlutabréf sín á genginu 8,75. Félagið var skráð á Verðbréfaþing Íslands (VÞÍ) 13. júní eftir að nokkrir stjórnarmenn VÞÍ þurftu að víkja við ákvörðunartökuna vegna vanhæfis. Aðeins mánuði síðar birti félagið afkomuviðvörðun og gengið féll niður að 1. Þessi uppkoma varð ekki til að auka tiltrú fjárfesta á innlendum hlutabréfamarkaði.

Úrvalsvisitalan 2001





Einkavæðingarverkefni ríkisstjórnarinnar gengu ekki upp. Selja átti nær helming hlut í Landssíma Íslands þar sem um fjórðungur átti að fara til kjölfestufjórðingis. Eðlilegast hefði verið að finna þann fjórðing fyrst áður en almenningi væri boðin þátttaka. Einnig var dagsetning útboðsins til almennings afar óheppileg, rétt um viku eftir hryðjuverkin í New York.

Þá var áformað að selja um þriðjungs hlut í Landsbanka Íslands og var tilgangurinn að leiða til aukinnar samkeppni á íslenskum fjármálamarkaði. Bankinn var m.a. kynntur erlendis og virtist ekki vera áhugi hjá erlendum aðilum á bankanum.

Það var svo í byrjun október sem ríkisstjórnin tilkynnti breytingar í skattamálum einstaklinga og fyrirtækja. Skattprósenta fyrirtækja átti að lækka úr 30% í 18% en einnig átti að afnema verðbólguveikingssskil svo og að heimila fyrirtækjum að gera upp í erlendri mynt. Þetta varð til þess að hlutabréfamarkaðurinn tók við sér á ný.


Því setti fram kröfu um tíðari uppgjör fyrirtækja frá því að vera á 6 mánaða fresti í að vera á þriggja mánaða fresti. Þessar reglur tóku gildi frá og með 9 mánaða uppgjörinum. Í nóvember komu síðan í fyrsta sinn 9 mánaða uppgjör fyrirtækja sem voru umfram væntingar markaðarins og hélt hann því áfram að hækka.

Aukin upplýsingagjöf sem þessi er markaðinum til mikilla bóta. Eykur athygli fjárfesta á þróun fyrirtækisins sem síðan eykur hæfni hans til verðmyndunar og aðhalds. Þetta var þarft framfaraskref.

INNLENDUR GJALDEYRIS-MARKAÐUR

Íslenska krónan veiktist mikið á árinu eða um 17%. Krónan hélt nokkuð stöðug fyrstu tvo mánuðina en tók að veikjast í mars í áttina að þeim vikmörkum sem sett höfðu verið. Á ársfundi Seðlabanka Íslands

Gengisvísitala krónunnar



(SBÍ) sem haldinn var 27. mars var tilkynnt breyting á peningastefnu þannig að í stað vikmarka krónunnar væru tekin upp verðbólguþröskuldir. Ríkisstjórnin veitti þar með Seðlabankanum fullt svigrúm til að beita sínum stjórnþækjum til að fylgja þessu eftir. Krónan hélt áfram að veikjast næstu tvo mánuðina þar á eftir og nam veikingin um 16%. Í lok júní grípur SBÍ inn í gjaldeyrismarkaðinn og krónan styrkist. Þessi styrking hélt þó ekki lengi því að í ágúst veiktist krónan áfram þar til ASÍ og SA gerðu samkomulag um rauðu strikin þann 13. desember, þ.e. að fresta uppsögn kjarasamninga ef verðbólga næst niður.

Árið í fyrra var eins og sjá má litríkt. Reynsluleysi er jafnvel einn af orsakavöldunum á mikilli sveiflu krónunnar en í maíbyrjun var m.a. lokagjalddagi á erlendu láni fjármálastofnunar. Við uppgreiðslu lánsins veiktist krónan um 6 prósentustig á einum degi. Þessi gjalddagi hefði átt að vera fyrirséður hjá helstu fjármálastofnunum landsins.

Það er einnig áhyggjuefni að fáir stórir aðilar annast nær öll gjaldeyrisviðskiptin á markaðinum, en það eru Landsbanki og Íslandsbanki, hlutdeild Búnadabanka og Kaupþings er mun minni. Það er markaðinum ekki holt að svo fáir aðilar komi að verðmyndun hans.

Mörgum þótti þægilegt að benda á erlendar fjárfestingar lífeyrissjóðanna en sjaldan er ein báran



stök. Mörg af þeim fyrirtækjum sem skráð eru á VÞI hafa að undanfögnu verið að hasla sér völl á erlendum vettvangi, þessar fjárfestingar eru á tíma töluvert umfangsmeiri en fjárfestingar lífeyrissjóðanna í erlendum verðbréfum. Það má einnig benda á einstaklingana sjálfa sem juku neyslu á innfluttum vörum þó sá þáttur hafi farið hratt minnkandi á árinu. Lífeyrissjóðurinn hefur fylgt eftir ákveðinni stefnu hvað erlendar fjárfestingar varðar og hefur þeirri stefnu verið fylgt síðan 1997. Hún felur í sér að mánaðarlega er verið að fjárfesta í erlendum verðbréfum fyrir fasta fjárhæð. Þannig fáum við best meðalverð og röskum sem minnst íslensku krónunni. Í september 2000 drógum við úr þessum fjárfestingum og síðan enn frekar í janúar 2001. Í ágúst og nóvember tókum við peninga heim.

ERLENDUR HLUTABRÉFA-MARKAÐUR

Það var í upphafi árs sem Stephen Roach einn af aðal greiningarsérfræðingum Morgan Stanley greindi frá því að kreppa væri komin í Kaliforníufylki og vegna stærðar þess í bandaríska hagkerfinu myndi kreppan ná til fleiri fylkja eða landsins alls. Bjartsýnni menn töldu hins vegar að markaðurinn myndi rétta við í næsta fjórðungi. Sömu sögu hafði maður heyrt einnig árinu áður. Heimsvísitala Morgan Stanley hélt þó áfram að lækka eftir því sem leið á árið. Það var svo þann örlagaríka dag 11. september sem ein miskunnarlausustu hryðjuverk sem þekkjast voru framin og verðbréfamarkaðirnir féllu í kjölfarið. Eftir þennan dag voru greiningardeildirnar farnar að geta talað um kreppu og það jafnvel á heimsvísu. Fyrstu dagana eftir hryðjuverkin var fjármálamarkaðurinn í frjálsum falli og náði lágmarki tíu dögum síðar og tæpum 10% lægra. Dagana þar á eftir hækkuðu markaðir til áramóta en enduðu árið tæplega 18% lægra en í upphafi ársins.

FJÁRFESTINGARSTEFNA

Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir þeirri fjárfestingarstefnu sem sjóðurinn starfaði eftir á árinu 2001. Fjárfestingaheimildir lífeyrissjóða voru rýmkaðar með breytingum á lögum um lífeyrissjóði þann 17. maí 2000. Helstu breytingar laganna voru þær að þeim flokkum sem voru með 35% hámarks var breytt í 50%. Í fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2001 var tekið tillit til þessara breytinga.

Skuldabréf 50-70%

Ríkistryggð skuldabréf 25-40%

Skuldabréf útgefin af ríki eða með ábyrgð ríkis. Stuðst er við ríkisskuldabréf ríkja skv. áhættuflokki A sem viðskiptabankar nota við útreikning eiginfjárhlutfalls. Undir þennan flokk falla öll traustustu ríki að mati alþjóðlegra lánshæfisstofnana.

Skuldabréf sveitarfélaga 2-10%

Skuldabréf gefin út af sveitarfélögum. Nokkrar takmarkanir eru settar á fjárfestingar skuldabréfa sveitarfélaga eftir stærð þeirra og skuldsetningu.

Bankar og aðrar fjármálastofnanir 2-10%

Skuldabréf útgefin af bönkum, sparissjóðum, lánastofnunum og fjármálafyrirtækjum enda starfi þau samkvæmt lögum og séu undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Skuldabréf fyrirtækja 2-10%

Skuldabréf útgefin af stærri fyrirtækjum enda séu skuldabréfin skráð á Verðbréfabingi Íslands eða sambærilegum verðbréfamörkuðum samþykktum af Fjármálaeftirlitinu. Takmarkanir skv. þessum lið miðast við stærð og eiginfjárhlutfall fyrirtækjanna og lánstíma skuldabréfa.

Skuldabréf tryggð með veði í fasteignum 10-20%

Skuldabréf þessi eru bundin þeim takmörkunum að ekki er lánað umfram 65% af markaðsverði viðkomandi



fasteignar. Strangari reglur eru settar um atvinnuhúsnæði og enn strangari um fasteignir fyrir utan höfuðborgarsvæðið.

Aðrar reglur og takmarkanir varðandi fjárfestingar skuldabréfa:

Stefnt skal að vali skuldabréfa sem hafa góðan eftirmarkað til að auðvelda stýringu safnsins. Í þeim tilfellum sem keypt eru ómarkaðshæf skuldabréf skal miðað við að þau beri hærri ávöxtun en markaðshæf bréf. Óverðtryggð skuldabréf skulu ekki fara yfir 15% af heildarverðmæti verðbréfasafnsins.

Hlutabréf 30-50%

Innlend hlutabréf 5-25%

Megináhersla er lögð á hlutabréf sem skráð eru á Verðbréfaþing Íslands og þau félög sem eru regluleg viðskipti með. Takmarkanir við fjárfestingar í hlutabréfum taka mið af stærð hlutafélaganna, eiginfjárlutfalli og eignaraðild, svo eitthvað sé nefnt. Kaupum á óskráðum hlutabréfum skal stýrt inn í þau fjárfestingarfélög sem sjóðurinn á hlut í.

Erlend hlutabréf 15-45%

Markmið með fjárfestingum í erlendum hlutabréfum er að dreifa áhættu og bæta ávöxtun sjóðsins. Fjárfest skal í vel dreifðu safni og er markmið að ná að jafnaði betri árangri í samanburði við heimsvísitölu Morgan Stanley (MSCI). Fjárfestingar í erlendum verðbréfum taki mið af væntingum sjóðsstjórnar um þróun á innlendum verðbréfamarkaði ekki síður en erlendum.

Stjórn sjóðsins er heimilt að víkja til skemmri tíma frá ofangreindum vikmörkum einstakra yfirflokka hvað varðar innlán og skammtímaþétt ef markaðsaðstæður kalla á slíkt.

Með hliðsjón að framangreindu er stefnt að því að leggja áherslu á eftirfarandi atriði til þess að ná hámarksávöxtun að teknu tilliti til öryggis og áhættu:

1. Allt að fimmtungur sjóðsins lúti virkri eignarstýringu.
2. Hlutfall erlendra verðbréfa verði aukið á næstu árum í allt að 45% af verðbréfasafni sjóðsins.
3. Hlutfall veðskuldabréfa annarra en sjóðfélaga verði aukið í allt að 20% af verðbréfasafni sjóðsins.
4. Hlutfall hlutabréfa í innlendum fyrirtækjum og hlutabréfasjóðum verði aukið í allt að 20% af verðbréfasafni sjóðsins.

Við fjárfestingar og eignarstýringu á verðbréfasafni sjóðsins verði það lagt til grundvallar í meginatriðum að sjóðurinn er langtímafjárfestir.

Fjárfestingarstefna 2002

Á stjórnarfundum sjóðsins 28. desember 2001, var samþykkt og undirrituð fjárfestingarstefna ársins 2002.

Skuldabréf 50-70%

Innlán í bönkum og sparisjóðum	0-2%
Ríkistryggð skuldabréf	25-40%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	2-10%
Bankar og aðrar fjármálastofnanir	2-10%
Skuldabréf fyrirtækja	2-10%
Skuldabréf tryggð með veði í fasteignum	15-25%

Hlutabréf 30-50%

Innlend hlutabréf	5-25%
Erlend verðbréf	15-45%





ÁRSREIKNINGUR
2001



ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðsins Framsýnar.


Við höfum endurskoðað ársreikning Lífeyrissjóðsins Framsýnar fyrir árið 2001. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum með úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Lífeyrissjóðsins á árinu 2001, efnahag hans 31. desember 2001, og breytingu á handbæru fé á árinu 2001, í samræmi við lög, samþykktir Lífeyrissjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 21. febrúar 2002.

Deloitte & Touche hf.



Björg Sigurðardóttir
endurskoðandi



Gísli Guðmundsson
endurskoðandi

SKÝRSLA STJÓRNAR

Árið 2001, sem var 6. starfsár Lífeyrissjóðsins Framsýnar, einkenndist af miklum sviptingum á fjármálamörkuðum og var ávöxtun lífeyrissjóða mun lakari en mjög mörg undangengin ár. Ávöxtun sameignarsjóðs Framsýnar var 6,0% en það svarar til neikvæðrar raunávöxtunar um 2,47%. Þrátt fyrir erfitt árferði sl. ár er staða sjóðsins sterk og tryggingafræðileg úttekt sýnir að heildareignir sameignarsjóðs Framsýnar eru 2,3% umfram heildarskuldbindingar. Fimm ára raunávöxtun heildarsafns sjóðsins er 5,43%.

Neikvæð raunávöxtun skýrist fyrst og fremst af lækkanði gengi hlutabréfa bæði innanlands sem og á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Heimsvísitala hlutabréfa lækkaði um nær 18%. Aðalvísitala Verðbréfaþings lækkaði um rúm 9%. Í þessu samhengi er þó rétt að minna á að hlutabréfaeign sjóðsins er í eðli sínu langtímafjárfesting og reynsla síðustu áratuga bendir til þess að sveiflur á verði hlutabréfa jafni sig út yfir lengri tíma og að hlutabréf skili þannig til jafnaðar betri ávöxtun en vaxtaberandi skuldabréf. Verðbólga jókst mjög og hækkaði verðlag um 8,61% á árinu og gengi vísitölu krónunnar lækkaði um 17% frá upphafi til loka árs. Sveiflur í innlendu efnahagsumhverfi á borð við þessar undirstrika nauðsyn þess að lífeyrissjóðir dreifi áhættu af þróun gengis og tiltölulega einhæfs atvinnulífs með því að hafa hluta eigna sinna bundinn í atvinnustarfsemi í öðrum löndum. Ný og ítarlegri fjárfestingarstefna var undirrituð á stjórnarfundi sjóðsins þann 28 desember s.l. og er þar m.a. tekið tillit til mikilvægis áhættudreifingar, öryggis og sem bestar ávöxtunar eigna sjóðsins. Þar má einnig finna ítarlega stefnu séreignarsjóðsins.

Alls greiddu 31.976 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu sem er 4,4% fleiri en á árinu 2000. 2.493 atvinnurekendur greiddu iðgjöld á árinu og fjölgaði þeim um 4,9%. Í árslok voru 133.131 sjóðfélagar sem áttu réttindi í sjóðnum. Innborguð iðgjöld námu kr. 2.908 milljón sem er 23,7% hækkun milli ára. Virkir sjóðfélagar voru 16.961 og fjölgaði þeim um 4,0%.

Mikill vöxtur varð á Séreignarsjóði Framsýnar þar sem sjóðfélögum fjölgaði úr ríflega 500 í um 900. Eign sjóðsins óx um 54 milljónir króna, sem er 132% aukning frá fyrra ári. Heildarávöxtun séreignardeildanna á árinu var 10,1% eða 1,55% raunávöxtun.

Sjóðurinn greiddi kr. 1.763 milljónir í lífeyrir á árinu 2001 og er það 18,6% hækkun milli ára. Lífeyrir var greiddur til 8.632 einstaklinga sem eru 5,1% fleiri en í fyrra. Fleiri en ein tegund lífeyris var greidd til 753 einstaklinga. Fjöldi lífeyrisþega eftir tegundum lífeyris:

Ellilífeyrir	5.774	sjóðfélagar	fjölgaði um 4,5%
Örorkulífeyrir	1.997	sjóðfélagar	fjölgaði um 8,9%
Makalífeyrir	1.108	einstaklingar	fjölgaði um 3,4%
Barnalífeyrir	506	einstaklingar	fjölgaði um 16,6%

325 ellilífeyrisþegar og 187 makalífeyrisþegar sjóðsins fengu einnig greiddan lífeyri samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra alls kr. 53,6 milljónir.

Hrein eign sameignardeildar til greiðslu lífeyris var kr. 52.042 milljónir í árslok 2001, sem er hækkun um 8,3% frá fyrra ári. Hrein eign séreignardeildar var kr. 95 milljónir sem er 132% aukning frá fyrra ári.

Starfsmenn sjóðsins voru 14 á árinu. Heildarfjárhæð launa starfsmanna og stjórnar og þóknana til annarra í þjónustu sjóðsins nam kr. 59,8 milljónir.

Tryggingafræðileg athugun á fjárhagsstöðu sjóðsins í árslok 2001 var gerð af Bjarna Þórðarsyni tryggingarstærðfræðingi. Skuldbindingar sjóðsins miðað við áunnin rétt eru kr. 51.204 milljónir. Þegar litið er til framtíðarréttar eru skuldbindingar kr. 51.871 milljónir og verðmæti framtíðariðgjalda kr. 47.510 milljónir. Hrein eign sameignardeildar til greiðslu lífeyris í árslok 2001 er kr. 52.042 milljónir og hækkun vegna núvirðingar miðað við 3,5% raunávöxtun kr. 6.793 milljónir og lækkun vegna fjárfestingargjalda kr. 917 milljónir. Eign umfram skuldbindingar eru því kr. 2.353 milljónir eða 2,3% umfram heildarskuldbindingar í árslok 2001.



ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA


Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðsins Framsýnar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2001 með undirritun sinni.


Reykjavík, 21. febrúar 2002.


Stjórn:


Pórarinn Þórarinnsson
stjórnarformaður



Halldór Björnsson
varaformaður



Bjarni Lúðvíksson


Guðmundur P. Jónsson


Gunnar Björnsson


Helgi Magnússon


Ragnar Árnason


Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Framkvæmdastjóri:


Bjarni Brynjólfsson

YFIRLIT UM BREYTINGU Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS ÁRÍÐ 2001

	2001	2000
Löggjöld		
Löggjöld sjóðfélaga	1.177.942.265	945.109.181
Löggjöld launagreiðenda	1.733.788.712	1.412.752.635
Réttindaflutningur og endurgreiðslur	(3.240.410)	(6.635.294)
	<u>2.908.490.567</u>	<u>2.351.226.521</u>
Lífeyrir		
Lífeyrir	1.807.101.607	1.538.153.711
Umsjónarnefnd eftirlauna	(53.582.395)	(58.805.761)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris	9.658.216	6.896.301
	<u>1.763.177.428</u>	<u>1.486.244.251</u>
Fjárfestingartekjur		
Tekjur frá hlutdeildarfélögum	(4.783.064)	(2.041.511)
Tekjur af eignarhlutum	(358.250.316)	(213.943.817)
Tekjur af húseignum og lóðum	42.944	1.426.447
Vaxtatekjur og gengismunur	3.452.036.939	1.998.086.264
Hagnaður af sölu fjárfestinga	32.128.410	10.259.533
Breytingar á niðurfærslu eigna	(40.000.000)	(27.000.000)
Reiknaðar tekjur/gjöld vegna verðlagsbreytinga	(4.110.327.703)	(1.905.756.772)
	<u>(1.029.152.791)</u>	<u>(138.969.856)</u>
Fjárfestingargjöld		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	33.408.249	23.234.260
Vaxtagjöld	67.097.640	34.305.582
Önnur fjárfestingargjöld	5.442.784	7.103.683
	<u>105.948.673</u>	<u>64.643.524</u>
Rekstrarkostnaður		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	109.143.173	87.510.980
	<u>109.143.173</u>	<u>87.510.980</u>
Aðrar tekjur	21.346.716	17.613.191
Hækkun á hreinni eign fyrir matsbreytingar	(77.584.783)	591.471.101
Matsbreytingar	4.130.282.564	1.914.325.165
Hækkun á hreinni eign á árinu	4.052.697.781	2.505.796.266
Hrein eign frá fyrra ári	<u>48.084.459.602</u>	<u>45.578.663.336</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	<u>52.137.157.383</u>	<u>48.084.459.602</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

31. DESEMBER 2001

Eignir

Fjárfestingar

Húseignir og lóðir	219.509.025	203.437.342
Hlutdeildarfélög	34.573.349	61.244.744
	<u>254.082.374</u>	<u>264.682.086</u>

Aðrar fjárfestingar

Verðbréf með breytilegum tekjum	17.440.307.640	17.734.194.803
Verðbréf með föstum tekjum	24.840.990.801	22.072.668.412
Veðlán	9.161.447.647	7.481.378.840
Önnur útlán	175.728.439	221.335.159
Aðrar fjárfestingar	81.771.249	78.315.491
	<u>51.700.245.776</u>	<u>47.587.892.704</u>

Fjárfestingar

	<u>51.954.328.150</u>	<u>47.852.574.790</u>
--	-----------------------	-----------------------

Kröfur

Kröfur á launagreiðendur	340.000.000	270.000.000
Aðrar kröfur	39.417.151	307.282.858

Kröfur

	<u>379.417.151</u>	<u>577.282.858</u>
--	--------------------	--------------------

Aðrar eignir

Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir	27.690.340	21.928.447
Sjóður og veltiinnlán	158.531.460	260.003.680

Aðrar eignir

	<u>186.221.800</u>	<u>281.932.127</u>
--	--------------------	--------------------

Eignir

	<u>52.519.967.101</u>	<u>48.711.789.776</u>
--	-----------------------	-----------------------

Skuldir

Viðskiptaskuldir

Skuldir við lánastofnanir	266.307.153	330.101.273
Aðrar skuldir	116.502.564	297.228.900
	<u>382.809.717</u>	<u>627.330.174</u>

Skuldir

	<u>382.809.717</u>	<u>627.330.174</u>
--	--------------------	--------------------

Hrein eign til greiðslu lífeyris alls

	<u>52.137.157.383</u>	<u>48.084.459.602</u>
--	-----------------------	-----------------------

Greining á hreinni eign á deildir

Samtryggingarsjóður	52.041.765.545	48.043.572.766
Séreignarsjóður	95.391.838	40.886.836
	<u>52.137.157.383</u>	<u>48.084.459.602</u>



DEILDARSKIPT YFIRLIT UM BREYTINGU Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS ÁRIÐ 2001

	Skýr.	Samtryggingar- deild	Séreignar- deild	Samtals 2001
Löggjöld				
Löggjöld sjóðfélaga		1.144.777.008	33.165.258	1.177.942.265
Löggjöld launagreiðenda		1.717.165.512	16.623.200	1.733.788.712
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(2.055.754)	(1.184.656)	(3.240.410)
		<u>2.859.886.765</u>	<u>48.603.802</u>	<u>2.908.490.567</u>
Lífeyrir				
Lífeyrir	3,24	1.806.329.221	772.386	1.807.101.607
Umsjónarnefnd eftirlauna		(53.582.395)	0	(53.582.395)
Annar beinn kostn. vegna örorku		9.658.216	0	9.658.216
		<u>1.762.405.042</u>	<u>772.386</u>	<u>1.763.177.428</u>
Fjárfestingartekjur				
Tekjur frá hlutdeildarfélögum		(4.783.064)	0	(4.783.064)
Tekjur af eignarhlutum		(359.607.377)	1.357.061	(358.250.316)
Tekjur af húseignum og lóðum		42.944	0	42.944
Vaxtatekjur og gengismunur	4,25	3.446.021.119	6.015.820	3.452.036.939
Hagnaður af sölu fjárfestinga		32.128.410	0	32.128.410
Breytingar á niðurfærslu eigna		(40.000.000)	0	(40.000.000)
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	2	(4.104.795.991)	(5.531.712)	(4.110.327.703)
		<u>(1.030.993.960)</u>	<u>1.841.169</u>	<u>(1.029.152.791)</u>
Fjárfestingargjöld				
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		33.408.249	0	33.408.249
Vaxtagjöld		67.097.640	0	67.097.640
Önnur fjárfestingargjöld		5.423.624	19.160	5.442.784
		<u>105.929.513</u>	<u>19.160</u>	<u>105.948.673</u>
Rekstrarkostnaður				
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		108.463.038	680.135	109.143.173
		<u>108.463.038</u>	<u>680.135</u>	<u>109.143.173</u>
Aðrar tekjur				
Hækkun á hreinni eign fyrir matsbr.	22	21.346.716	0	21.346.716
		<u>(126.558.073)</u>	<u>48.973.290</u>	<u>(77.584.783)</u>
Matsbreytingar		4.124.750.852	5.531.712	4.130.282.564
		<u>4.124.750.852</u>	<u>5.531.712</u>	<u>4.130.282.564</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu		3.998.192.779	54.505.002	4.052.697.781
Hrein eign frá fyrra ári		48.043.572.766	40.886.836	48.084.459.602
Hrein eign í árslok til gr. lífeyris		<u>52.041.765.545</u>	<u>95.391.838</u>	<u>52.137.157.383</u>



DEILDARSKIPTUR EFNAHAGSREIKNINGUR

31. DESEMBER 2001

Eignir	Skýr.	Samtryggingar- deild 31.12.2001	Séreignar- deild 31.12.2001	Samtals 31.12.2001
Fjárfestingar				
Húseignir og lóðir	2,5,6	219.509.025	0	219.509.025
Hlutdeildarfélög	7	34.573.349	0	34.573.349
		<u>254.082.374</u>	<u>0</u>	<u>254.082.374</u>
Aðrar fjárfestingar				
Verðbréf með breytilegum tekjum	2,8,26	17.416.097.517	24.210.123	17.440.307.640
Verðbréf með föstum tekjum	2,12,29	24.781.724.776	59.266.025	24.840.990.801
Veðlán	2,13	9.161.447.647	0	9.161.447.647
Önnur útlán	2	175.728.439	0	175.728.439
Aðrar fjárfestingar	2	81.771.249	0	81.771.249
		<u>51.616.769.628</u>	<u>83.476.148</u>	<u>51.700.245.776</u>
	Fjárfestingar	<u>51.870.852.002</u>	<u>83.476.148</u>	<u>51.954.328.150</u>
Kröfur				
Kröfur á launagreiðendur	18	340.000.000	0	340.000.000
Aðrar kröfur		39.417.151	0	39.417.151
	Kröfur	<u>379.417.151</u>	<u>0</u>	<u>379.417.151</u>
Aðrar eignir				
Rekstrarfjárm. og aðrar efnisl. eignir	2,5	27.690.340	0	27.690.340
Sjóður og veltiinnlán		155.267.291	3.264.169	158.531.460
	Aðrar eignir	<u>182.957.631</u>	<u>3.264.169</u>	<u>186.221.800</u>
	Eignir	<u>52.433.226.784</u>	<u>86.740.317</u>	<u>52.519.967.101</u>
Skuldir				
Viðskiptaskuldir				
Skuldir við lánastofnanir		266.307.153	0	266.307.153
Séreign/sameign viðskiptareikningur		8.651.521	(8.651.521)	0
Aðrar skuldir	2	116.502.564	0	116.502.564
